

9. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 7. janúar 2015 kl. 18:00.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson, Hallur Halldórsson, Hróðný Hauksdóttir, Sveinn Jónsson, Viktor S. Pálsson og Gissur Jónsson framkvæmdastjóri.



1. Erindi frá knattspyrnudeild um íbúðakaup

Framkvæmdastjóra og formanni falið að ræða við knattspyrnudeild um möguleg íbúðakaup. Erindinu vísað áfram til aðalstjórnar.

2. Félagsaðstaða í Tíbrá

Lagðar fram tillögur formanns um félagsaðstöðu í Tíbrá. Framkvæmdastjórn tók vel í tillögurnar og samþykkti að vísa þeim áfram til aðalstjórnar.

3. Fæðingarorlof framkvæmdastjóra

Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá fæðingarorlofi í samræmi við umræður á fundinum.

Framkvæmdastjóri verður í 50% starfi hjá félaginu 1. febrúar til 31. maí til móts við fæðingarorlof.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 21. janúar kl. 18.00 í Tíbrá.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:15.
Gissur ritaði fundargerð.**